

Garðabær,  
10.október 2022

Bæjarráð Garðabæjar.  
b.t. Almars Guðmundssonar bæjarstjóra  
Garðatorgi 7  
210 Garðabæ

### **Þorablót Stjörnunnar 2023**

Ágæta bæjarráð,

UMF Stjarnan óskar með erindi þessu eftir leyfi fyrir að halda Þorablót Stjörnunnar næstkomandi bóndadag 20.janúar líkt og fyrri ár.

Þorablót Stjörnunnar hefur verið sameiningartákn Garðbæinga til fleiri ára og mikil stemmning verið fyrir blótinu innan bæjarfélagsins en Stjarnan telur það einmitt vera eitt af hlutverkum sínum að auka samstöðu og samkennd meðal bæjarbúa.

Undanfarin ár hefur stuðningur og jákvætt viðmót bæjaryfirvalda gagnvart Þorablótinu verið okkur ómetanlegur og viljum við þess vegna að óska eftir samskonar stuðningi og aðstoð fyrir komandi Þorablót, stuðningurinn felst einna helst í því að fá afnot af íþróttahúsi bæjarins (TM höllinni), aðstoð frá starfsmönnum íþróttahússins og að húsið sé laust til uppsetningar eigi síðar en beint að lokinni íþróttakennslu hjá skólunum eða nánar tiltekið upp úr hádegi fimmtudaginn 19.janúar. Húsinu mun vera skilað aftur tilbúnu til æfinga að kvöldi laugardagsins 21.janúar.

Eins óskum við eftir leyfi til að fá að nýta þann búnað sem er í eigu Garðalundar og fá aðstoða frá starfsmönnum Garðalundar og Áhaldahúss Garðabæjar við uppsetningu búnaði.

Virðingarfyllst,

f.h. UMF Stjörnunnar

Baldvin Sturluson, framkv.stjóri UMF Stjörnunnar